

á skoðun náttúrunnar (Natural religion). — Sönnun Butler biskups fyrir ódauðleikanum, grundvölluð á hinni aðskildu tilveru sálarinnar sem veru andaðri í líkaman við fæðinguna og leystri frá honum við andlátið, hefir verið sópað burt af breytipróunar-kenningunni.

Guðstrúin sjálf hefir verið alvarlega vífengd, og röksemdaleiðsla, byggð á sönnunum á alheimslegri gæzku, sem höfundar „Bridgewater“ ritanna álitu sannsærandi, dugir nú — því miður-ekki lengur. Það reynir á mann, að sleppa öllu þessu, en að eins með því að kasta öllu fyrir borð, sem óverjanlegt er, getum vér sigt inn í höfn sannleikans. Nú stendur maðurinn, ef til vill í fyrra sinn í sögunni, uppi með skynsemina óstudda, óháða opinberunum og erfikennungum gagnvart leyndardóm sinnar eigin og alheims tilverunnar. Sé nokkuð svipað dæmi til í sög-unni, væri það helst afstaða heimspekinganna grísku. Æn þeir voru börn í vísindum, þeirra alheims ígrundanir voru að eins sniðugar ágizkanir. Við siðfræðina lögðu þeir rækt, en á hennar svæði létu þeir sig ekki alvarlega varða þau spursmál, — ef þeir annars létu þau varða sig nokkurs — sem mest gagntaka hugi vora nú. Þar að auki voru þeir ekki lausir við áhrif erfða-kenninga guðstrúarárinnar. Sókrates tilbað guð ríkjisins, og fórn-adi Æsculapi. Lítið mun finnast í gömlu grísku heimspekinni, sem kemur oss að haldi við vorar nútíðar rannsóknir..

Hugsun rómversku stóskanna gekk út á, að umskapa karaktér einstaklingsins. Ekki er heldur mikla aðstoð að finna í heimspeki Voltaire tímabilsins. Það átti sér engan Darwin. Það var mjög stælugjarn og skorti þess vegna stillingu og við-sýni. Svo var, hvorugur þeirra, Voltaire eða Rousseau, óháður guðstrúarárféðakenningunni. Eins og vér munum staðhæfði Voltaire, að guðhræðlan væri nauðsynleg til að vernda líf vort, og hann reisti kyrkju með þessari yfirskrift: „Deo exxit Voltaire“, sem myndi ef til vill hafa orðið „Voltaire Exxit Deus“, ef hann hefði sagt það, sem hann meinti.

Enginn ætti að nálgast þetta spursmál með léttuð. Enginn getur hugsað svo, að frá félagslegu sjónarmiði jafnvel gjöri það ekkert til, hvort dauðinn bindi enda á og slái svörtu stryki yfir